

Reykjavíkurborg framkvæmdasvið
Þorgeir Þorbjörnsson
Skúlatúni 2
105 Reykjavík

2006020033
0000; 9310

Reykjavík, 2. júní 2006
/--

Efni: Lagning Mýrargötu í Reykjavík í stökk. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun um lagningu Mýrargötu í Reykjavík í stökk.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Reykjavíkurborgar dags. 30. mars 2006 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Reykjavíkurborg. Mýrargata. Lagning götu í stökk. Hönnun mars 2006.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, Faxaflóahöfnum, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 23. apríl 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. apríl 2006, Faxaflóahöfnum með bréfi dags. 26. apríl 2006, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. maí 2006 og Vegagerðinni með bréfi dags. 26. apríl 2006. Þá barst athugasemd frá Herði Einarssyni og Guðrúnu Harðardóttir með bréfi dags. 19. apríl 2006. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemdar með tölvupósti dags. 2. maí 2006 og bréfum dags. 24. maí 2006.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í tölvupósti Reykjavíkurborgar dags. 2. maí

2006 og bréfum Hönnunar verkfræðistofu f.h. framkvæmdaraðila dags. 24. maí 2006 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 4.2.6 í tillögu að matsáætlun kemur fram að samkvæmt nýlegum rannsóknum sé jarðvegur á núverandi slippasvæði mengaður og þurfi að fjarlægja um 2500-5000 m³ af jarðvegi vegna stokklagningar. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram niðurstöður mengunarmælinganna á jarðveginum og skýr umfjöllun um hvernig fyrirhugað sé að meðhöndla jarðveginn, hvernig flytja á hann burt og hvert.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í athugasemdum Harðar Einarssonar og Guðrúnar Harðardóttur er fjallað um staðsetningu vestari gangamunna og þess óskað að hann verði færður vestar. Skipulagsstofnun telur að skýr rökstuðningur þurfi að koma fram í frummatsskýrslu um þá staðsetningu vestari gangamunnans sem gert er ráð fyrir skv. tillögu að matsáætlun. Jafnframt þarf að greina frá í frummatsskýrslu hvaða annmarkar eru fyrir hendi sem koma í veg fyrir flutning fyrrgreinds gangamunna vestar.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Grunnvatn

Í umsögn Umhverfisstofnunar við tillögu að matsáætlun kemur fram að nauðsynlegt sé að í frummatsskýrslu komi fram núverandi ástand grunnvatnsborðs og streymi grunnvatns á framkvæmdasvæðinu og að gerð sé grein fyrir fráveitumálum úr stokknum og hvernig haga eigi mengunarvörnum verði mengunarslys í stokknum. Skipulagsstofnun tekur undir þessa athugasemd Umhverfisstofnunar og telur að upplýsingar um ofangreinda þætti þurfi að liggja fyrir í frummatsskýrslu.

Hljóðvist

Í kafla 4.2.3 í tillögu að matsáætlun og í svörum Reykjavíkurborgar við umsögn Umhverfisstofnunar er fjallað um hljóðvist. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir takmörkunum varðandi uppbyggingu á fyrirhuguðum íbúðarhúsum við gangamunna vegna hávaða frá umferð. Þá þarf að gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem til greina koma til þess að hljóðstig við fyrirhugað íbúðarhúsnaði á móts við gangamunnana verði í samræmi við reglugerð um hávaða.

Umferð

Í kafla 4.2.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umferð. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að á götum með 30 km hámarkshraða skuli reikna með 3% þungaumferð, en öðrum götum og stökk 5%. Umhverfisstofnun telur hins vegar að gera þurfi ráð fyrir herra hlutfalli þungaumferðar en þessi almennu 5% sem gert er ráð fyrir m.a. vegna aukinna fisk- og olíuflutninga. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að komi fram mat á hlutfalli þungaumferðar með tilkomu stokksins með hliðsjón af umferðarspá og að fram komi skýrar forsendur sem það mat byggir á.

Titringur og loftgæði

Í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum Harðar Einarssonar og Guðrúnar Harðardóttur dags. 24. maí 2006 kemur fram að við hönnun á stökk verði lagt mat á hvort hætt sé við vandamálum vegna titrings í nálægum byggingum út frá fyrirhuguðum stökk umfram titring sem er frá götu á yfirborði og ef svo sé verði fjallað um mótvægisáðgerðir í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í frummatsskýrslu liggi skýrt fyrir á hverju fyrrgreint mat á titringi byggi og ef þörf reynist á mótvægisáðgerðum að ýtarlega sé fjallað um virkni þeirra til að koma í veg fyrir eða draga úr titringi. Í samræmi við markmiðsákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þarf í frummatsskýrslu að fjalla ítarlega um loftmengun við gangamunna og áðgerðir til þess að draga úr henni.

Áhrif á framkvæmdatíma

Í kafla 4.2.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áhrif á framkvæmdatíma. Þar sem um er að ræða framkvæmdir í og við rótgróið íbúðarhverfi leggur Skipulagsstofnun áherslu á að í frummatsskýrslu verði fjallað ítarlega um tilhögun við framkvæmdir á áætluðum eins og hálfis árs framkvæmdatíma, m.a. um takmarkanir á vinnutíma þar sem beita þarf mjög stórvirkum vinnuvélum auk tímatakmarkana er lúta að sprengingum.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Fornleifavernd ríkisins, Faxaflóahafnir, Gísli Gíslason, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Jónas Snæbjörnsson, Hörður Einarsson og Guðrún Harðardóttir og Hönnun hf., Rúnar D. Bjarnason

Fylgiskjöl: Umsagnir og athugasemd